

Tillaga lögð fyrir aðalfund SSV 25.mars 2015

Tillaga:

Undirrituð leggja til að stjórn verði sett það verkefni að skoða allar mögulegar leiðir til að leiðrétta þann lýðræðishalla sem er í stjórn SSV. Óskað er eftir greinargerð fyrir 1.júní um tillögur að úrbótum sem send verður á þau sveitarfélög sem aðilar eru að SSV ásamt því að sú greinargerð verði lögð fyrir framhaldsaðalfund SSV nk. haust.

Greinargerð:

Í dag er stjórn SSV samsett af 12 aðilum frá þeim sveitarfélögum sem eru aðilar að samtökunum. Öll sveitarfélögin eiga einn fulltrúa nema tvö stærstu, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð sem eiga tvö fulltrúa sökum stærðar sinnar en á Akranesi búa tæplega 6.800 manns og í Borgarbyggð ríflega 3.500 manns. Þetta eru tæplega 65% af heildaríbúafjölda Vesturlands sem hafa einungis um 33% vægi í stjórn SSV og jafnvel minna ef til kemur að formaður, sem er frá hvorugu þessara sveitarfélaga, þurfi að nýta sitt tvöfalda atkvæðisvægi.

Þarna finnst okkur halla á lýðræði íbúa svæðisins og því leggjum við til að stjórn verði sett það verkefni að skoða allar mögulegar leiðir til að leiðrétta þennan lýðræðishalla sem er í stjórn SSV.

Það eru nokkrar leiðir til þess að leiðrétta þennan halla og bendum við sérstaklega á þá leið sem Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur farið. Þar ræðst atkvæðavægi hvers sveitarfélags af íbúatölu þess sveitarsfélags og er sveitarstjórn heimilt að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa á Fjórðungspingi þeirra.

Ingibjörg Valdimarsdóttir

Rakel Óskarsdóttir

Sigrún Guðnadóttir

Sævar Jónsson

Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir